

17. júní í Garðabæ

Fánahönnun, grímugerð og lúðrabytur. Söngur, danspartý og bátafjör. Guðsþjónustur og sund, gamlir leikir og hönnun. Allt þetta er hægt að gera saman í Garðabæ. Allir dagskrárliðir eru ókeypis sem og aðgangur í sundlaugar og söfn. Fögnum þjóðhátíðardeginum saman!

11:00 – 13:00

Kanósiglingar á ylströnd

Skátafélagið Vífill býður gestum á kanó við ylströndina í Sjólandi. Jóhanna Guðrún og Davíð koma öllum í stuð klukkan 11:30 en Blásarakvintett leikur klukkan 13:00 fyrir þurra og blauta gesti. Skátafélagið selur sætindi á staðnum fyrir nammipúka.

12:00 – 17:00

Gamlir leikir og lífið í burstabæ

Á Króki á Garðaholti tekur safnvörður á móti gestum og segir frá lífinu í bænum. Gamlir og góðir útileikir verða kenndir á túninu. Tilvalið að taka með nesti og njóta sveitasælunnar við Krók. Blásarakvintett leikur klukkan 14:00 við bæinn og eykur á hátíðarbraginn.

10:00 – 16:00

Ásgarðslaug

Rólegheit og notaleg stemning í heitu vatni. Blásarakvintett hressir gesti við klukkan 12:00.

10:00 – 16:00

Álftaneslaug

Vatnsrennibrautarfjör, stuð í öldulaug og rólegheit í pottum. Jóhanna Guðrún og Davíð flytja ljúfa tónlist fyrir gesti klukkan 15:30

13:00

Vídalínskirkja

Hátíðarguðsþjónusta þar sem nýstúdent flytur ávarp og Skátafélagið Vífill stendur heiðursvörð.

12:00 – 17:00

Hönnunarsafn Íslands

Sýningin Kristín Þorkelsdóttir spannar fjölbreytt ævistarf hönnuðar sem hannaði matvælaumbúðir sem allir muna eftir, peningaseðla og merki sem allir muna eftir. Í rannsóknarrýminu getur að líta verkefnið Náttúrulitun í nútímasamhengi og Smiðjan er opin fyrir fjölskyldur að uppgötva

stærðfræðiþrautir í anda Einars Þorsteins. Jóhanna Guðrún og Davíð syngja og leika fyrir gesti fyrir utan safnið klukkan 12:30 en Blásarakvintett leikur klukkan 15:00

13:00

Danspartý fyrir alla fjölskylduna með Friðriki Agna og Önnu Claessen

Hreyfum mjaðmir, lyftum upp höndum og sleppum fram af okkur beislinu í danspartýi í glerskálanum Garðatorgi 7.

????? Þrautabraut skátanna?

????guðspjónusta á Álftanesi????

14:00 – 16:00

Fánahönnunarsmiðja

Hönnuður leiðbeinir gestum sem geta látið sköpunarkraftinn ráða ferð í hönnun á fánum sem mega vera allskonar! Smiðjan fer fram fyrir í glerskálanum á Garðatorgi 1 (við hliðina á Bónus).

12:00 – 17:00

Bókasafn Garðabæjar opnar faðminn

Því ekki að byrja lestrarátak sumarsins í dag! Allar nýjustu bækurnar og tímaritin liggja frammi fyrir lestrarhesta.

13:00 – 15:00

Grímusmiðja, sköpum úr bókum og tímaritum

Þó við séum komin með nóg af grímum er samt gaman að gera flotta grímu úr bókum og tímaritum. Hönnuður leiðbeinir gestum svo úr verði heimsins fallegustu grímur! Grímusmiðjan fer fram í Bókasafni Garðabæjar.

20:00

Bjarni Thor syngur í Tónlistarskóla Garðabæjar

Bæjarlistamaður Garðabæjar 2020 gat ekki sungið tónleika á því herrans ári en nú fá Garðbæingar og gestir þeirra að njóta þessa frábæra bassasöngvara. Með Bjarna Thor leikur Ástríður Alda en nauðsynlegt er að festa sæti á tix.is.

Nánari upplýsingar á facebooksíðu Garðabæjar og á gardabaer.is Merki Garðabæjar

Blásarakvintett:

Kl. 12:00 Ásgarðslaug

Kl. 13:00 á ylstöndinni í Sjálandi

Kl. 14:00 við Krók á Garðaholti

Kl. 15:00 við Hönnunarsafn Íslands

Jóhanna og Davíð:

Kl. 11:30 Á ylströnd

Kl. 12:30 Við Hönnunarsafn Íslands

Kl. 15:30 í Álftaneslaug